

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

24. apríl 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Matvælasjóð, 728. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarpið verði að lögum sem fyrst en með því er ætlunin að sameina í einn öflugan sjóð AVS-sjóð sjávarútvegsráðuneytis og Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Á sama tíma er gert ráð fyrir að veita auknu fé (500 m. kr.) til hins nýja sjóðs.

Samtökin fagna áherslum Alþingis og stjórnvalda á aukna nýsköpun og þróun í atvinnulífinu þar sem við úthlutun er tekið mið af faglegu mati verkefna og þau styrkt sem fela í sér mesta verðmætasköpun.

Matvælasjóður tekur við þeirri vinnu sem fram hefur farið á vegum AVS á þessu ári og Framleiðnisjóðurinn lýkur sínum störfum um áramót. Mikilvægt er að ekki verði rof í starfseminni og engin ástæða til að ætla að svo verði. Bent er á að með samþykkt frumvarpsins öðlast starfsemi AVS lagastoð.

Samtökin minna á að mikilvægasti þáttur í starfseminni er að styðja verkefni sem styrkt geta verðmætasköpun sérstaklega til útflutnings. Á vegum sjávarútvegs og landbúnaðar liggja mikil tækifæri og einnig á mörkum þessara greina þar sem aukin þekking, nýsköpun og þróun getur skapað ný tækifæri sem erfitt er að sjá fyrir.

Virðingarfyllst,



Halldór Benjamín Þorbergsson,
framkvæmdastjóri.